

# Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar

## Úthlutunarreglur

### 1. gr.

Hlutverk Forvarnasjóðs er að stuðla að forvörnum og efla félagsauð í hverfum Reykjavíkurborgar. Markmið sjóðsins er að styrkja forvarnarverkefni í samræmi við forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar, annars vegar í einstökum hverfum og hins vegar almennt í borginni. Hlutverk sjóðsins er jafnframt að vinna að eflingu félagsauðs og stuðla að hvers kyns framförum í hverfum borgarinnar.

Markmið Forvarnasjóðsins er að veita einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar í hverfum borgarinnar. Sjá nánari lýsingu á hverjir geta sótt um styrk í sjóðinn í 8. gr. reglna þessara.

### 2. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu eingöngu veittir til verkefna með að minnsta kosti eina af eftirtöldum áherslum:

- I. Forvarnir í þágu barna og unglinga.
- II. Efling félagsauðs í hverfum borgarinnar.
- III. Bætt lýðheilsa.
- IV. Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka og fyrirtækja í þágu forvarna og félagsauðs.
- V. Verkefni sem mæta þeim markmiðum sem borgarstjórn setur hverju sinni, svo sem markmiðum Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka. Þá geta íbúaráð/samráðshópur um forvarnir sett skilyrði um einstaka styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri greiðslum en tveimur, og að framkvæmdum verði lokið innan tiltekinna tímamarka.

### 3. gr.

Stórum hluta sjóðsins skal skipt milli íbúaráða til úthlutunar. Hluti fjárheimilda skal renna til forvarnar- og/eða félagsauðsverkefna sem ganga þvert á hverfi borgarinnar. Skipting fjármagns fer eftir hlutfallslegum fjölda umsókna í hverfi og þvert á hverfi hverju sinni. Skipting fjármagnsins milli íbúaráða verði á þann veg að helmingi fjármagnsins verði skipt jafnt milli hverfa og helmingi í samræmi við íbúafjölda.

### 4. gr.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur umsjón með sjóðnum. Auglýst skal eftir umsóknum að minnsta kosti einu sinni á ári. Velferðarsvið heldur utan um auglýsingar í samráði við íbúaráð og þjónustumiðstöðvar.

#### **5. gr.**

Styrkirnir skulu greiddir út í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.

#### **6. gr.**

Ekki er veittur styrkur til reglubundins reksturs eða reglubundins launakostnaðar.

Ekki eru veittir styrkir til sama verkefnis oftari en einu sinni nema sérstakur rökstuðningur fylgi.

#### **7. gr.**

Íbúaráð meta umsóknir um styrki er varða hverfislægan verkefnapott í samráði við fagsvið eftir því sem við á og niðurstaða kynnt samráðshóp um forvarnir í Reykjavík og velferðarráði.

Allar styrkumsóknir sem ganga þvert á hverfi skulu lagðar fyrir samráðshóp um forvarnir í Reykjavík til umsagnar og samþykktar í velferðarráði.

#### **8. gr.**

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta einungis sótt um styrk í samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki eða stofnanir utan Reykjavíkurborgar.

#### **9. gr.**

Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum með því að fylla út eyðublöð á vef sjóðsins. Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármuna.

#### **10. gr.**

Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir.

Komi í ljós að styrk úr sjóðnum hafi ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir innan tveggja ára frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar. Sé styrkur ekki sóttur áður en úthlutun næsta árs á eftir er samþykkt í íbúaráði eða velferðarráði fellur hann niður.

#### **11. gr.**

Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins. Greinargerð skal skilað á þar til gerðu rafrænu eyðublaði á heimasíðu Reykjavíkurborgar þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar.

## **12. gr.**

Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum.